

C 4/2018/kk

Afgreiðsla Eftirlitsnefndin

Nefndarálit eftirlitsnefndarinnar um

skýrslu Ríkisendurskoðunar til Norðurlandaráðs um ársreikninga Norðurlandaráðs fyrir árið 2017**Tillaga**

Forsætisnefndin leggur til að Norðurlandaráð ákveði:

- Að skrá hjá sér ársreikninginn og endurskoðunarskýrsluna um Norðurlandaráð 2017.

Forsaga

Ríkisendurskoðun Danmerkur hefur farið yfir ársreikning Norðurlandaráðs fyrir árið 2017.

Niðurstaða ársins 2017 sýnir afgang sem nemur 1,8 milljónum danskra króna (m.d.kr.) en árið 2016 nam afgangurinn 25,5 m.d.kr. Lækkunina má m.a. rekja til þess að útgjöld vegna túlkunar hækkuðu um 0,6 m.d.kr.

Heildartekjur námu 36,5 m.d.kr. en þær námu 36,6 m.d.kr. árið áður. Tekjurnar eru einkum framlag þjóðþinganna, 33,7 m.d.kr. Skipting framlaga landanna er í samræmi við skiptinguna sem kveðið er á um í fjárhagsreglunum.

Heildarútgjöld hækkuðu um 0,6 m.d.kr. í 34,8 m.d.kr. Af þeim liðum sem Ríkisendurskoðunin fer yfir er það eingöngu „túlkun“ sem er verulega hærri en árið á undan.

Eigið fé Norðurlandaráðs nemur 7,7 m.d.kr. Hluti af því er rekstrarafgangur sem er yfirfærður og nemur 2,3 m.d.kr. ásamt 4,9 m.d.kr. sem forsætisnefndin samþykkti að skyldi nota til sérstakra verkefna (ráðstafað fjármagn). Auk þess nemur óráðstafað fé 2,8 m.d.kr.

Ríkisendurskoðun er kunnugt um að skrifstofurnar uppfæra jafnóðum samstarfssamning frá árinu 1997 milli Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar, m.a. um launahald, upplýsingatækni og fjárreiður. Ríkisendurskoðun bendir einnig á að á árinu 2017 var gerð breyting á reikningsgrunni framlags til skrifstofuhalds. Það er nú reiknað út á grundvelli fjölda fastráðinna starfsmanna en ekki fjölda ársverka eins og áður var. Þetta hefur reynst hagstætt fyrir Norðurlandaráð varðandi skiptingu útgjalda vegna þess að hjá Norrænu



ráðherranefndinni er mikið um verkefnaráðningar sem áður voru ekki taldar með. Framlagið nemur þó áfram 3,4 m.d.kr. eins og árið á undan.

Ríkisendurskoðun bendir á að vaxtatekjur koma ekki fram á reikningunum. Það er ekki í samræmi við kröfur fjárhagsreglna um að fjármagn skuli ef hægt er geymt á reikningum sem bera vexti. Það er þó mat Ríkisendurskoðanda að með vaxtastigi ársins hafi það ekki verið hægt.

Endurskoðun Ríkisendurskoðanda nær einnig til styrkjaáætlunar fyrir þingmenn frá grannsvæðum Norðurlanda. Styrkjaáætlunin er fjármögnuð af fjárhagsáætlun Grannsvæðaáætlunarinnar og er í umsýslu Norrænu ráðherranefndarinnar. Árið 2017 var 0,2 m.d.kr. varið til áætlunarinnar en við árslok nemur rekstrarafgangur hennar 0,01 m.d.kr.

Niðurstaða Ríkisendurskoðunar

Ríkisendurskoðun telur ársreikningana gefa réttmæta mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2017.

Ríkisendurskoðun telur jafnframt að ráðstafanir sem um er getið í ársreikningi séu í samræmi við lög og reglur, gerða samninga og viðteknar venjur.

Það er almennt mat Ríkisendurskoðanda að umsjón með fjárreiðum hafi verið fullnægjandi í stjórnslu þeirra sviða sem skoðuð voru á árinu 2017.

Sjónarmið eftirlitsnefndar

Eftirlitsnefndin staðfestir að Ríkisendurskoðun telji að ársreikningar 2017 gefi réttmæta mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu og að ekki séu gerðar alvarlegar athugasemdir við reikningskil Norðurlandaráðs fyrir árið 2017.

Eftirlitsnefndin staðfestir að Ríkisendurskoðun telur nýtingu fjár vera í samræmi við gildandi reglur, reikningskilavenjur og ákvarðanir um ráðstöfun fjár, og að umsýslan er talin vera í lagi.

Nuuk, 13. desember 2018

Anna Kolbrún Árnadóttir (Mifl)
Lennart Axelsson (S)
Maria Stockhaus (M)

Peter Östman (kd)
Paavo Arhinmäki (vänst)
Ruth Mari Grung (A)